


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS	Hagfræði 113 Haustönn 2013	
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 3		


Kennari	Katrín Harðardóttir, katrin@vma.is	Sk.st.	KAH
----------------	---	---------------	-----

Áfangalýsing: Kynnt eru grunnhugtök og meginviðfangsefni hagfræðinnar. Fjallað er um grunneiningar hagkerfisins og samspil þeirra í markaðsþjóðfélagi. Hringrás efnahagslífsins er útskýrð og fjallað um helstu hagstærðir þjóðarbúsins og innbyrðis tengsl þeirra. Meginþættir í efnahagspróun eru teknir fyrir og hagræn vandamál skoðuð með dæmum úr íslensku efnahagslífi. Kynnt er margvísleg framsetning á hagfræðilegu efni. Nemendur fá þjálfun í að lesa úr línuritum og innsýn í notkun vísitalna, hlutfallareiknings, vegins meðaltals og fleiri algengra aðferða við vinnslu á hagfræðilegum upplýsingum. Áhersla er lögð á að nemendur geti hagnýtt sér Netið til öflunar hagfræðilegra upplýsinga.

Markmið: Kynna hagfræðina fyrir nemendum þeim til gagns og skemmtunar.

Að áfanganum loknum skulu nemendur:

- þekkja grundvöll hagfræðinnar sem fræðigreinar, meginviðfangsefni og grundvallarspurningar
- þekkja helstu einkenni markaðshagkerfis og blandaðs hagkerfis
- þekkja grunneiningar hagkerfisins og meginhlutverk þeirra
- þekkja lögmál markaðarins og geta útskýrt meginþætti verðmyndunar á markaði
- þekkja til helstu aðila á vinnumarkaði og þeirra þátta er mestu varða í samskiptum þeirra og í launamyndun almennt.
- þekkja hringrás opin, blandaðs hagkerfis
- þekkja til ráðstöfunaruppgjors þjóðhagsstærða
- geta skýrt þann mun sem er á vergum hagstærðum og hreinum, þjóðarframleiðslu og landsframleiðslu, markaðsverði og þáttaverði.
- þekkja helstu tekjuhugtök og aðferðir við að skoða tekjuskiptingu
- þekkja til helstu umsvifa hins opinbera í efnahagslífinu og aðferða til fjármögnunar þeirra
- þekkja til helstu aðila á peningamarkaði, þekkja hlutverk seðlabanka og geta útskýrt hvaða þættir ákvarða peningaframboð, peningaeftirspurn og þar með vaxtastigið
- þekkja til helstu ákvörðunarpátta utanríkisviðskipta s.s. kenninga um hlutfallslega og hreina hagkvæmni
- þekkja til greiðslujafnaðar og samsetningar hans með sérstakri áherslu á viðskiptajöfnuð
- þekkja helstu áhrifaþætti nafngengis gjaldmiðla og tilhögun við skráningu á gengi íslensku krónunnar
- þekkja hugtakið hagvöxtur, helstu ákvörðunarpætti og vanda við mat á honum m.a. með tilliti til umhverfisvandamála
- þekkja til helstu vandamála í efnahagslífinu s.s verðbólgu, atvinnuleysis og erlendra skuldasöfnunnar

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Sambýkkt:SHJ		
Síða 2 af 3	Hagfræði 113	Haustönn 2013


Námsgögn: Þjóðhagfræði eftir Þórunni Klemenzdóttur, Mál og menning, 2008 og efni (les- og verkefni) sem sem kennari dreifir í tímum eftir efnum og ástæðum.

Námsmat og vægi námsþátta:

Skriflegt	Lokapróf. Nemendur þurfa að ná 5 á lokaprófinu til að vetrarvinna komi til einkunnar	60%
Skriflegt	Kaflapróf. Þrjú kaflapróf verða á önninni og gilda tvö þeirra til lokaeinkunnar. Gildir hvort þeirra 10%. Lægsta einkunnin dettur út.	20%
Heimaverkefni	Eitt heimaverkefni verður á önninni. Nemandi ber að skila verkefni á réttum tíma og dregst 0.5 frá einkunn fyrir hvern dag, framyfir skiladag, sem því er ekki skilað. Ef vika er liðin frá auglýstum skiladegi tekur kennari ekki við verkefninu.	15%
Frammistaða á önn	Mæting, ástundun í tímum og heimavinna	5%

Áætlun um yfirferð:

Vika	Námsefni	Verkefni
34	Kynning á áfanganum	
35	1. kafli. Hvað er hagfræði? 2. kafli. Hvernig verða tekjurnar til?	Verkefni 1.-2. kafla
36	3. kafli. Hvaða spurningum reynir hagfræðin að svara? 4. kafli. Adam Smith, faðir hagfræðinnar 5. kafli. Karl Marx	Verkefni 3.-5 kafla
37	6. kafli. Markaðsöflin – eftirspurn og framboð	Verkefni 6. kafla
38	7. kafli. Verðteygni framboðs og eftirspurnar	Verkefni 7. kafla
39	8. kafli. Framleiðslukostnaður – Sleppa 9. kafli. Afköst - Sleppa 10. kafli. Markaðsaðstæður 11. kafli. Helstu verkefni opinberra aðila í blönduðu hagkerfi 12. kafli. Einkavæðing	Verkefni 10. kafla Verkefni 11. og 12. kafla Kaflapróf úr köflum 1-7 og 10-12
40	13. kafli. Markmið og leiðir í efnahagsmálum	Verkefni 13. kafla
41	14. kafli. Þjóðarframleiðslan og landsframleiðslan	Verkefni 14. kafla

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ	Hagfræði 113 Haustönn 2013	
Síða 3 af 3		

42	15. kafli. Atvinnuleysi 16. kafli. John Maynard Keynes 17. kafli. Verðbólgan	Verkefni 15.-17. kafla Heimaverkefni
43	18. kafli. Phillips-kúrvan og lóðrétt Phillips-kúrvan 19. kafli. Greiðslujöfnuðurinn og gengi krónunnar	Verkefni 18.-19. kafla
44	20. kafli. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn 21. kafli. Uppruni og ástæður frjálsra viðskipta landa á milli 22. kafli. Fríverslunarsamtök Evrópu 23. kafli. Evrópusambandið 24. kafli. Landbúnaðarstefna Evrópusambandsins 25. kafli. Evrópskt efnahagssvæði	Verkefni 20.-25. kafla Kaflapróf úr köflum 13-25
45	26. kafli. Hnattvæðing 27. kafli. Fátæk lönd og rík 28. kafli. Peningamál	Verkefni 26.-28. kafla
46	29. kafli. Ákvörðun landsframléiðslunnar 30. kafli. Ákvörðun verðlags og landsframléiðslu	Verkefni 29.-30. kafla
47	31. kafli. Frjálsir fjármagnsflutningar í litlu opnu hagkerfi 32. kafli. Fjármálastefna og peningamálastefna	Verkefni 31.-32. kafla
48	33. kafli. Framboðshliðarhagfræði 34. kafli. Ólík viðhorf til efnahagsstefnunnar	Verkefni 33.-34. kafla Kaflapróf úr köflum 26-34
49	Upprifjun	

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils